

TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Heimild til áframhaldandi undirbúnings og verkhönnunar á Lækjartorgi

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi, verkhönnun og gerð útboðsgagna vegna endurhönnunar á Lækjartorgi í samræmi við meðfylgjandi kynningu.

Greinargerð

Kynnt er hönnunarhandbók og forhönnun Lækjartorgs. Um er að ræða vinnu ráðgjafa Karres en Brands og Sp(r)int Studios sem voru valin sigurvegarar samkeppni um Lækjartorg, Austurstræti og Bankastræti. Samkeppnin var hönnunarsamkeppni með forvali, í tveimur þrepum. Markmið samkeppninnar var að fá fram frjóar og áhugaverðar hugmyndir um hönnun Lækjartorgs og nærliggjandi gatna. Vinningstillagan var kynnt 4. mars 2022 í Ráðhúsi Reykjavíkur á samgöngufundi Reykjavíkurborgar „Léttum á umferðinni“.

Lækjartorg er lykilrými í miðborginni og inngangurinn að Kvosinni sem er söguleg miðja borgarinnar. Með tillögunni er verið að lyfta upp mikilvægi svæðisins og gefa torginu þann sess og þýðingu sem staðsetning þess í miðborginni kallar á.

Í þessum fyrsta áfanga forhönnunar er um að ræða torgsvæðið sjálft en ætlunin er að halda forhönnun áfram í samræmi við niðurstöður samkeppninnar inn Austurstræti og að lokum upp Bankastræti.

Áætlaður kostnaður fyrir þennan hluta, torgsvæðið, er um 355 milljónir Þá er ekki meðtalinn kostnaður vegna snjóbræðslu. Ekki er gert fyrir framkvæmdum á þessu ári.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri



Reykjavíkurborg



Forhönnun útfærslu Lækjartorgs, byggð á niðurstöðum hönnunarsamkeppni.